

3. mgr., sbr. 14. gr. laga nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða og 43. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærður, Halldór Einarsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. marz 1939.

**Nr. 75/1938. Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Guðjóni Samúelssyni**

(Jón Ásbjörnsson).

Bæjarsjóður sýknaður af kröfu um þóknun, er borgarstjóri hafði lofað án heimildar frá fjárveitingarvaldi bæjarins.

#### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1938. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst stað-

festingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með lögum nr. 32 7. maí 1928 var ríkisstjórninni heimilað að leggja fram allt að 100 þúsund kr. til byggingar sundhallar í Reykjavík gegn jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Skyldi framlag ríkisins vera meðal annars því skilyrði bundið, „að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni“. Í bréfi til borgarstjórans í Reykjavík dags. 25. júlí 1928 tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðherra, að ríkisstjórnin hafi þegar handbæran sinn skerf af fé til þessa verks. Er síðan komið svo að orði í bréfinu: „Ennfremur mun landið leggja til vinnu sinna sérfræðinga, húsameistara og verkfræðinga, án sérstaks endurgjalds við byggingu hússins“. Er þannig engum vafa bundið, að ríkisstjórnin hefir gagnvart áfrýjanda undirgengizt, að allur kostnaður, er leiddi af vinnu stefnda við byggingu sundhallarinnar, yrði greiddur úr ríkissjóði. Í samræmi við þessa tilhögun er og það, að í bréfi dóms- og kirkjumálaráðherra dags. 29. júlí 1935 til borgarstjórans í Reykjavík er tekið fram, „að ráðuneytið muni ekki telja með framlagi úr ríkissjóði teiknikostnað húsameistara ríkisins, ef vinna starfsmanna Reykjavíkurbæjar ekki heldur verður talin með framlagi bæjarsjóðs.“ Þótt stefndi leysti af höndum í þágu Reykjavíkurbæjar störf sín við byggingu sundhallarinnar og þau kæmu bænum að fullum notum, þá gat bænum ekki borið, vegna framangreindra ákvarðana, nein skylda til að greiða þóknun fyrir þau störf, nema hann hefði sérstaklega gengizt undir það. Og kemur þá til álita, hvort svo hafi verið.

Með vottorði Knud Zimsen, fyrrv. borgarstjóra Reykjavíkur, er það upplýst, að hann hafi munnlega

heitið stefndum því, ekki síðar en í janúarmánuði 1930, að honum skyldi greidd þóknun úr bæjarsjóði að fjárhæð kr. 5000.00 fyrir uppdrætti og önnur húsameistarastörf við byggingu sundhallarinnar. Ekki aflaði borgarstjóri sér samþykkis bæjarstjórnar til þessarar fjárveitingar, og verður að fallast á það með áfrýjanda, að borgarstjórinn hafi ekki verið bær um á eindæmi sitt að binda bæjarsjóð með slíku greiðsluloforði um skyldu fram, sbr. samþykkt nr. 68 26. maí 1915, 3. mgr. 3. gr. Nú er það enn fremur upplýst, eins og í hinum áfrýjaða dómi getur, að fyrrnefndur borgarstjóri ávísaði stefnda í janúarmánuði 1930 kr. 2500.00 til greiðslu úr bæjarsjóði, og er svo að orði kveðið í þessari ávísun borgarstjórans, að greiðslan sé „borgun upp í þóknun fyrir uppdrætti og áætlanir um sundhöll“. Fékk stefndi ávísun þessa greidda, og er ágreiningslaust í málinu, að bæjarstjórn hafi enga athugasemd gert um þá greiðslu, er bæjarreikningar fyrir árið 1930 voru samþykktir af henni. Telur stefndi bæjarstjórnina hafa með því fallið á að greiða einnig þann hluta nefndrar þóknunar, er hann sækir áfrýjanda um í þessu máli. Þetta álit stefnda er þó ekki á rökum reist. Þótt bæjarstjórnin samþykkti í heild bæjarreikninginn fyrir árið 1930, sem þessi greiðsla var fólgin í, þá verður slík samþykkt alls ekki talin ná til ráðagerðar þeirrar, er borgarstjóri hafði ritað á nefnda ávísun, sem hann hafði greitt á árinu, án þess að afla sér jafnframt samþykkis fjárveitingavalds bæjarins, og ekki er vitað, að bæjarfulltrúum hafi verið kunnugt um. Verður þannig ekki talið, að áfrýjandi hafi bundið skyldu til greiðslu fjárhæðar þeirrar, er hann er krafinn um í máli þessu. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnda í málinu, en eftir

atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðjóns Samúelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1938.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. febr. s. l. af Guðjóni Samúelssyni, prófessor, hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skuldar að upphæð kr. 2500.00 með 5% ársvöxtum frá 3. apríl 1937 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1928 voru samþykkt lög um byggingu sundhallar í Reykjavík, og var svo til ætlað, að ríkið og Reykjavíkurbær legðu fram hvort sinn helming af byggingarkostnaðinum. Mun þegar hafa verið hafizt handa um undirbúning byggingarinnar, og varð það að samkomulagi milli ríkis og bæjar, að stefnandi máls þessa, sem þá var húsameistari ríkisins, gerði áætlanir og teikningar af sundhöllinni, og mun ríkisstjórnin hafa lagt sérstaka áherzlu á þetta atriði. Sigldi stefnandi síðan og fór allvíða um Evrópu, m. a. til þess að kynna sér byggingu og fyrirkomulag sundhalla. Ferð þessa mun ríkið hafa kostað, enda var hún og farin annarra erinda. Síðan teiknaði stefnandi sundhöllina og hafði auk þess á hendi yfirumsjón með byggingu hennar. Allt þetta verk var talið hið vandasamasta, og mun stefnandi hafa þurft að hafa allmikið fyrir því. Varð það þá að samkomulagi milli hans og þáverandi borgarstjóra í Reykjavík, Knud Zimsen, að bæjarsjóður greiddi stefnanda kr. 5000.00 sem persónulega þóknun fyrir þessi störf hans. Í janúar 1930 voru stefnanda greiddar kr. 2500.00, og þegar verkinu var lokið á árinu 1937, krafði

stefnandi stefndan um þær kr. 2500.00, er hann taldi sig eiga ófengnar af hinni lofuðu greiðslu. Á þessum tíma voru orðin borgarstjóraskipti, og neitaði hinn nýji borgarstjóri að greiða stefnanda umkrafðar kr. 2500.00.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að þáverandi borgarstjóri hafi lofað sér þessari þóknun og verði hann að teljast hafa verið bær um það, enda hafi hann verið formaður nefndar þeirrar innan bæjarstjórnarinnar, sem hafði framkvæmdir þessar með höndum vegna bæjarsjóðs, og jafnframt fengið samþykki nefndarinnar til greiðsluloforðsins.

Stefndur hefir ekki neitað því, að umrætt samkomulag hafi átt sér stað milli þáverandi borgarstjóra og stefnanda. En hinsvegar kveðst hann „draga það í efa“, að nefnd sú, sem hafði umsjón með framkvæmd verksins af hálfu bæjarstjórnarinnar, hafi nokkurn tíma samþykkt þessa greiðslu, og bæjarstjórnina kveður hann aldrei hafa gert það. En án þess að samþykki a. m. k. annars þessara aðila kæmi til, telur hann loforð borgarstjóra ekki bindandi fyrir bæjarsjóð, eins og hér standi á.

Í greinargerð sinni hafði stefndur uppi aðra varnarástæðu til vara, en í munnlega málflutningnum féll hann frá henni, og kemur hún því ekki til álita í málinu.

Í málinu er upplýst, að veganeftnd bæjarins hafði öll mál og framkvæmdir varðandi sundhöllina með höndum fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, og var þáverandi borgarstjóri, Knud Zimsen, formaður þeirrar nefndar. Hefir hann gefið vottorð, sem lagt hefir verið fram í málinu um það, að sanngjarnt hafi þótt, að stefnandi fengi nokkra „privat“ þóknun úr bæjarsjóði fyrir framangreind störf sín við sundhöllina, og segir síðan orðrétt í vottorðinu: „... og þykist ég muna það rétt, að okkar á milli hafi talast svo til, að sú þóknun yrði ákveðin fimm þúsund krónur, og að á þetta hafi verið fallizt af byggingarstjórn Sundhallarinnar, en ekki man ég, hvort nokkurn tíma var formlega frá þessu gengið.“ Um þetta er þó ekkert bókað í gerðabók nefndarinnar.

Eins og áður segir, fékk stefnandi kr. 2500.00 greiddar fyrir umrædd störf í janúar 1930. Fékk hann greiðslu þessa í ávísun og var hún orðuð á þann veg, að greiðslan væri borgun „upp í þóknun“ fyrir uppdrætti og áætlun um sund-

höll. Þessi greiðsla virðist hafa sloppið athugasemdalaust gegn um endurskoðun bæjarreikninganna og hafa síðan verið samþykkt af bæjarstjórn án athugasemda um leið og reikningar bæjarins voru samþykktir.

Í málinu er því ekki mótmælt, að upphæð sú, sem fyrrverandi borgarstjóri lofaði stefnanda sem persónulegri þóknun, hafi verið 5000.00 kr. Áðurnefnt vottorð fyrrv. borgarstjóra, sem ekki hefir verið mótmælt sem óstaðfestu, verður, þrátt fyrir framangreint orðalag þess, að skilja á þá leið, að hann staðhæfi, að veganefndin hafi að öllu leyti samþykkt hina lofaðu greiðslu. Mótmæli stefnds gegn þessu þykja ekki nægileg, þar sem hann segist aðeins „draga það í efa“, að svo hafi verið. Að þessu athuguðu, sem nú var sagt, sem og orðalagi framangreindrar ávísunar og samþykki bæjarstjórnar á fyrri greiðslunni, athuguðu, þykir verða að líta svo á, að stefnandi eigi kröfu til hinnar umstefndu upphæðar úr bæjarsjóði. Verður hún því tildæmd honum ásamt vöxtum eins og krafizt hefir verið, en eftir málavöxtum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnandanum, Guðjóni Samúelssyni, kr. 2500.00 með 5% ársvöxtum frá 3. apríl 1937 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 3. marz 1939.

Nr. 86/1938. Réttvísín

gegn

Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Birni Gíslasyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Ákærði Björn Gíslason hefur mætt sjálfur og gert þá kröfu, að dómsforseti Einar Arnórsson viki sæti